

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/1506****2019/EES/101/06****frá 8. september 2015**

um forskriftir fyrir snið útfærðra rafrænna undirskrifa og útfærðra innsigla sem opinberir aðilar skulu viðurkenna skv. 5. mgr. 27. gr. og 5. mgr. 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 27. gr. og 5. mgr. 37. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríki þurfa að koma á nauðsynlegum tæknilegum úrræðum sem gera þeim kleift að meðhöndla skjöl, sem eru undirrituð rafrænt, sem krafist er við notkun á nettengdri þjónustu sem opinber aðili veitir eða veitt er fyrir hönd opinbers aðila.
- 2) Reglugerð (ESB) nr. 910/2014 skuldbindur aðildarríki sem fara fram á útfærða rafræna undirskrift eða innsigli vegna notkunar á nettengdri þjónustu, sem opinber aðili veitir eða veitt er fyrir hönd opinbers aðila, til að viðurkenna útfærðar rafrænar undirskriftir og innsigli, útfærðar rafrænar undirskriftir og innsigli sem eru studd fullgildu vottorði og fullgildar rafrænar undirskriftir og innsigli með sérstökum sniðum eða öðrum sniðum sem staðfest eru samkvæmt sérstökum viðmiðunaraðferðum.
- 3) Við skilgreiningu sérstöku sniðanna og viðmiðunaraðferðanna ætti að taka tillit til gildandi starfsvenja, staðla og réttargerða Sambandsins.
- 4) Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/148/ESB ⁽²⁾ eru skilgreind nokkur algengustu snið útfærðra rafrænna undirskrifa sem aðildarríkin eiga að geta stutt tæknilega þar sem útfærðra rafrænna undirskrifa er krafist í tengslum við stjórnsýslumeðferð á Netinu. Viðmiðunarsniðunum er ætlað að auðvelda staðfestingu rafrænna undirskrifa yfir landamæri og bæta samvirkni rafrænna málsmeðferða yfir landamæri.
- 5) Staðlamir sem taldir eru upp í viðaukanum við þessa ákvörðun eru gildandi staðlar fyrir snið útfærðra rafrænna undirskrifa. Vegna yfirstandandi endurskoðunar staðlastofnana á langtímaráðveisluformum viðmiðunarsniðanna eru staðlar um langtímaráðveislu undanskildir gildissviði þessarar ákvörðunar. Þegar ný útgáfa viðmiðunaraðferðanna liggur fyrir verða tilvísanir til staðla og ákvæði um langtímaráðveislu endurskoðuð.
- 6) Útfærðar rafrænar undirskriftir og útfærð rafræn innsigli eru sambærileg út frá tæknilegu sjónarmiði. Því ættu staðlar fyrir snið útfærðra rafrænna undirskrifa að gilda að breyttu breytanda um snið fyrir útfærð rafræn innsigli.
- 7) Ef önnur snið rafrænna undirskrifa eða innsigla en þau sem eru almennt tæknilega studd eru notuð til undirritunar eða innsiglnar ætti að sjá fyrir staðfestingarleiðum til að gera kleift að staðfesta rafrænu undirskriftirnar eða innsiglin yfir landamæri. Til að gera viðtökuaðildarríkjum kleift að treysta slíkum staðfestingaraðferðum annars aðildarríkis er nauðsynlegt að veita aðgengilegar upplýsingar um þessar staðfestingaraðferðir með því að bæta upplýsingunum við rafrænu skjölin, rafrænu undirskriftirnar eða umlykjur rafrænu skjalanna (e. electronic document containers).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 235, 09.09.2015, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2019 frá 15. júní 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73.

⁽²⁾ Framkvæmdaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/148/ESB frá 17. mars 2014 um breytingu á ákvörðun 2011/130/ESB um að setja lágmarkskröfur um vinnslu skjala yfir landamæri sem undirrituð eru rafrænt af lögbærum yfirvöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjttíð. ESB L 80, 19.3.2014, bls. 7).

- 8) Ef staðfestingarmöguleikar fyrir rafrænar undirskriftir eða innsigli sem henta fyrir sjálfvirka vinnslu eru tiltækir innan opinberrar þjónustu aðildarríkis, ætti að gera slíka staðfestingarmöguleika aðgengilega og láta viðtökuáðildarríkinu þá í té. Engu að síður ætti þessi ákvörðun ekki að hindra beitingu 1. og 2. mgr. 27. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 þegar sjálfvirkri vinnslu á staðfestingarmöguleikum fyrir aðrar aðferðir verður ekki komið við.
- 9) Til að tryggja að kröfur vegna staðfestingar séu sambærilegar og til að auka traust á staðfestingarmöguleikum, sem aðildarríkin láta í té fyrir önnur snið rafrænna undirskrifa eða innsigla en þau sem almennt eru studd, eru kröfurnar sem settar eru fram í þessari ákvörðun varðandi staðfestingaraðferðir byggðar á kröfunum vegna staðfestingar á gildi fullgildra rafrænna undirskrifa og innsigla sem um getur í 32. og 40. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríki sem fara fram á útfærða rafræna undirskrift eða útfærða rafræna undirskrift sem er studd fullgildu vottorði, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014, skulu viðurkenna útfærðar rafrænar XLM-, CMS- eða PDF-undirskriftir sem eru á samkvæmnisstigi B, T eða LT eða nota tengda undirskriftarumlykju (e. associated signature container) þegar þessar undirskriftir eru í samræmi við þær tækniforskriftir sem settar eru fram í viðaukanum.

2. gr.

1. Aðildarríki sem fara fram á útfærða rafræna undirskrift eða útfærða rafræna undirskrift sem er studd fullgildu vottorði, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014, skulu viðurkenna önnur snið rafrænna undirskrifa en þau sem um getur í 1. gr. þessarar ákvörðunar að því tilskildu að aðildarríkið, þar sem traustþjónustuveitandinn sem undirritandi notar hefur staðfestu, bjóði öðrum aðildarríkjum staðfestingarmöguleika fyrir undirskriftir sem henta, ef unnt er, fyrir sjálfvirka vinnslu.

2. Staðfestingarmöguleikar fyrir undirskriftir skulu:

a) gera öðrum aðildarríkjum kleift að staðfesta móttæknar rafrænar undirskriftir á Netinu, án endurgjalds og þannig að það sé skiljanlegt þeim sem hafa annað móðurmál,

b) tilgreindir í undirritaða skjalinu, í rafrænu undirskriftinni eða í umlykju rafræna skjalsins og

c) staðfesta gildi útfærðrar rafrænnar undirskriftar að því tilskildu að:

1) vottorðið, sem útfærða rafræna undirskriftin byggist á, hafi verið í gildi á þeim tíma sem undirskriftin átti sér stað og ef útfærð rafræn undirskrift er studd fullgildu vottorði hafi fullgilda vottorðið sem útfærða rafræna undirskriftin byggist á, þegar undirritunin fór fram, verið fullgilt vottorð fyrir rafræna undirskrift í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 910/2014 og að það hafi verið gefið út af fullgildum traustþjónustuveitanda,

2) staðfestingargögn undirskriftarinnar séu í samræmi við gögnin sem treystanda voru látin í té,

3) einkvæmu gögnin sem standa fyrir undirritanda séu afhent treystandanum með réttum hætti,

4) treystandanum sé gefið til kynna með skýrum hætti notkun gervinafns ef gervinafn var notað við undirritun,

- 5) þegar útfærð rafræn undirskrift er búin til með fullgildum, rafrænum undirskriftarbúnaði sé treystandanum skýrt gefið til kynna að slíkur búnaður hafi verið notaður,
- 6) heilleika undirrituðu gagnanna hafi ekki verið stefnt í hættu,
- 7) kröfunum sem kveðið er á um í 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 hafi verið fullnægt við undirritun,
- 8) kerfið sem notað er til að staðfesta útfærða rafræna undirskrift gefi treystanda rétta niðurstöðu úr staðfestingarferlinu og geri treystanda kleift að greina hvers konar öryggistengd vandamál.

3. gr.

Aðildarríki sem fara fram á útfært rafrænt innsigli eða útfært rafrænt innsigli sem er stutt fullgildu vottorði, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014, skulu viðurkenna útfærð rafræn XLM-, CMS- eða PDF-innsigli sem eru á samkvæmnisstigi B, T eða LT eða nota tengda innsiglisumlykju (e. associated seal container) þegar þau eru í samræmi við þær tækniforskriftir sem settar eru fram í viðaukanum.

4. gr.

1. Aðildarríki sem fara fram á útfært rafrænt innsigli eða útfært rafrænt innsigli sem er stutt fullgildu vottorði, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014, skulu viðurkenna önnur snið rafrænna innsigla en þau sem um getur í 3. gr. þessarar ákvörðunar að því tilskildu að aðildarríkið, þar sem traustþjónustuveitandinn, sem aðilinn sem innsiglar notar, hefur staðfestu, bjóði öðrum aðildarríkjum staðfestingarmöguleika fyrir innsigli sem henta, ef unnt er, fyrir sjálfvirka vinnslu.

2. Staðfestingarmöguleikar fyrir innsigli skulu:

- a) gera öðrum aðildarríkjum kleift að staðfesta móttækin rafræn innsigli á Netinu, án endurgjalds og þannig að það sé skiljanlegt þeim sem hafa annað móðurmál,
- b) tilgreindir í innsiglaða skjalinu, í rafræna innsiglinu eða í umlykju rafræna skjalsins,
- c) staðfesta gildi útfærðs rafræns innsiglis að því tilskildu að:
 - 1) vottorðið, sem útfærða rafræna innsiglið byggist á, hafi verið í gildi á þeim tíma sem innsigluðin átti sér stað og ef útfært rafrænt innsigli er stutt fullgildu vottorði hafi fullgilda vottorðið sem útfærða rafræna innsiglið byggist á, þegar innsigluðin fór fram, verið fullgilt vottorð fyrir rafrænt innsigli í samræmi við III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 910/2014 og að það hafi verið gefið út af fullgildum traustþjónustuveitanda,
 - 2) staðfestingargögn innsiglisins séu í samræmi við gögnin sem treystanda voru látin í té,
 - 3) einkvæmu gögnin sem standa fyrir aðilann sem innsiglar séu afhent treystandanum með réttum hætti,
 - 4) treystandanum sé gefið til kynna með skýrum hætti notkun gervinafns ef gervinafn var notað við innsigluð,
 - 5) þegar útfært rafrænt innsigli er myndað með fullgildum, rafrænum innsiglisbúnaði sé treystandanum skýrt gefið til kynna að slíkur búnaður hafi verið notaður,
 - 6) heilleika innsigluðu gagnanna hafi ekki verið stefnt í hættu,
 - 7) kröfunum sem kveðið er á um í 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 hafi verið fullnægt við innsigluð,
 - 8) kerfið sem notað er til að staðfesta útfært rafrænt innsigli gefi treystanda rétta niðurstöðu úr staðfestingarferlinu og geri treystanda kleift að greina hvers konar öryggistengd vandamál.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvörðun þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. september 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Skrá yfir tækniforskriftir fyrir útfærðar rafrænar XML-, CMS- eða PDF-undirskriftir og tengda undirskriftarumlykju

Útfærðar rafrænar undirskriftir, sem getið er í 1. gr. ákvörðunarinnar, verða að uppfylla eina af eftirtöldum tækniforskriftum Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu að undanskildum 9. lið hennar:

XAdES Baseline Profile	ETSI TS 103171 v.2.1.1. ⁽¹⁾
CAdES Baseline Profile	ETSI TS 103173 v.2.2.1. ⁽²⁾
PAdES Baseline Profile	ETSI TS 103172 v.2.2.2. ⁽³⁾

⁽¹⁾ http://www.etsi.org/deliver/etsi_ts/103100_103199/103171/02.01.01_60/ts_103171v020101p.pdf

⁽²⁾ http://www.etsi.org/deliver/etsi_ts/103100_103199/103173/02.02.01_60/ts_103173v020201p.pdf

⁽³⁾ http://www.etsi.org/deliver/etsi_ts/103100_103199/103172/02.02.02_60/ts_103172v020202p.pdf

Tengd undirskriftarumlykja, sem um getur í 1. gr. ákvörðunarinnar, verður að uppfylla eftirfarandi tækniforskriftir Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu:

Associated Signature Container Baseline Profile	ETSI TS 103174 v.2.2.1 ⁽¹⁾
-------------------------------------------------	---------------------------------------

⁽¹⁾ http://www.etsi.org/deliver/etsi_ts/103100_103199/103174/02.02.01_60/ts_103174v020201p.pdf

Skrá yfir tækniforskriftir fyrir útfærð rafræn XML-, CMS- eða PDF-innsigli og tengda innsigliumlykju

Útfærð rafræn innsigli, sem getið er í 3. gr. ákvörðunarinnar, verða að uppfylla eina af eftirtöldum tækniforskriftum Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu að undanskildum 9. lið hennar:

XAdES Baseline Profile	ETSI TS 103171 v.2.1.1
CAdES Baseline Profile	ETSI TS 103173 v.2.2.1
PAdES Baseline Profile	ETSI TS 103172 v.2.2.2

Tengd innsigliumlykja, sem um getur í 3. gr. ákvörðunarinnar, verður að uppfylla eftirfarandi tækniforskriftir Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu:

Associated Seal Container Baseline Profile	ETSI TS 103174 v.2.2.1
--------------------------------------------	------------------------